



***“Nýtt réttindakerfi hjá lífeyrissjóðum
á almennum vinnumarkaði”.***

Námstefna LSS

Hrafn Magnússon
framkvæmdastjóri
Landssamtaka lífeyrissjóða
10. janúar 2006

- Róttæk
kerfisbreyting – úr
jafnri
réttindaávinnslu í
aldurstengt kerfi.





Samkomulag ASÍ og SA frá 8. desember 2004.

- Stefnt er að því að taka upp aldurstengt réttindakerfi og að lífeyrissjóðirnir taki slíkt kerfi upp samtímis.
- Unnið hefur verið að því að þróa svokallaða “milda aðferð” við yfirfærslu úr jafnri – í aldurstengda réttindaávinnslu.
- Taka skal mið af iðgjaldagreiðslum sjóðfélaga á árinu 2003 til jafnrar réttindaávinnslu, svokallað viðmiðunariðgjald.




Sjóðir sem þegar hafa tekið upp “aldurstengt” réttindakerfi.

- ❑ Gildi – lífeyrissjóður.
- ❑ Lífeyrissjóður verzlunarmanna.
- ❑ Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda.
- ❑ Lífeyrissjóður Vestmannaeyja
- ❑ Lífeyrissjóður Austurlands
- ❑ Lífeyrissjóður Vestfirðinga
- ❑ Lífeyrissjóður Suðurlands
- ❑ Lífeyrissjóður Vesturlands
- ❑ Þessir sjóðir eru með 42,15%
af heildareignum


Heildarréttindi sjóðfélaga


Árleg réttindaöflun eftir aldri



Heildarréttindi sjóðfélaga

Uppsöfnuð réttindaöflun





Helstu ástæður breytinga

- Að undanfögnu hafa lífeyrissjóðirnir almennt verið að færa sig yfir í réttindaávinnslukerfi sem felur í sér að iðgjöld skapa mismunandi mikil lífeyrisréttindi eftir því hvenær starfsævinnar þau eru greidd.
- Það er í svokallað aldursháð réttindakerfi. Iðgjöld sem greidd eru framan af starfsævinni skapa meiri réttindi en iðgjöld sem greidd eru síðar.




Helstu ástæður breytinganna

- Útilokað er við þær kringumstæður að halda úti réttindakerfi jafnrar ávinnslu sem lífeyrissjóðir hafa boðið sjóðfélögum sínum á liðnum áratugum.
- Ástæða þess er sú að hætta skapast á að einstaklingar notfæri sér kosti aldurstengdrar réttindaávinnslu á fyrri hluta starfsævinnar og færi sig síðan yfir í jafna réttindaávinnslu á seinni hluta starfsævinnar.
- Það fyrirkomulag gengur augljóslega ekki upp.




Útfærsla breytinganna

- Mikilvægt er að tryggja hagsmuni núverandi sjóðfélaga við breytinguna yfir í aldurstengt kerfi. Að þeir sjóðfélagar sem uppfylla tiltekin skilyrði geti haldið áfram að mynda réttindi í jafnri ávinnslu.
- Útfærsla breytingarinnar er með þeim hætti að þeir sem þegar hafa áunnið sér réttindi framan af í jafnri ávinnslu geta haldið því áfram upp að tilteknu hámarki. Þetta er afar þýðingarmikið atriði breytinganna.
- Þeir sem eru ungir hafa aftur á móti hag af því að ávinna sér réttindi miðað við aldurstengda ávinnslu.
- Þannig er leitast við að haga breytingunum með þeim hætti að að þær hafi sem minnst áhrif á sjóðfélagana þegar horft er til réttindaávinnslunnar yfir alla starfsævina.
- Því er hér valin mild leið til breytinga frá jafnri ávinnslu réttinda til aldurstengdrar ávinnslu.




Um breytingarnar

- Í stað umreiknings iðgjalda til stiga verða réttindin geymd í krónum sem færðar eru til verðlags á hverjum tíma. Þannig verða áunnin réttindi sjóðfélaga vegna iðgjalda fram að gildistöku breytinganna varðveitt samkvæmt þeim réttindareglum sem þá giltu. Eina breytingin er að þau verða umreiknuð til krónutölu miðað við áunnin stig á hverju ári og þau grundvallarlaun sem þá giltu. Þau breytast síðan mánaðarlega í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.
- Réttindin sem ávinnast, og geymd eru í krónum í stað stiga, taka mið af aldri þess sjóðfélaga sem innir iðgjaldið af hendi. Þannig ávinnast hærri réttindi eftir því sem sjóðfélaginn er yngri.
- Réttindatöflur sem reiknaðar eru árlega og taka mið af nýjustu upplýsingum um dánar- og örorkulíkur eru notaðar til ákvörðunar þeirra lífeyrisréttinda sem ávinnast.




Áframhald jafnrar ávinnslu réttinda

- Sjóðfélögum sem eiga réttindi í sjóðnum við gilidtöku breytinganna er heimilt að greiða til hans iðgjöld að tilteknu hámarki með jafnri réttindaávinnslu til 70 ára aldurs. Undantekning er í þeim tilvikum að sjóðfélagj hafi greitt iðgjöld til sjóðsins fyrir 42 ára aldur í skemmri tíma en 5 ár. Í þeim tilvikum getur viðkomandi áunnið sér rétt í jafnri ávinnslu í jafn marga mánuði og nemur þeim mánaðarfjölda sem viðkomandi á réttindi í sjóðnum í árslok 2005.
- Réttindi þeirra sem uppfylla skilyrði til áframhaldandi ávinnsuréttinda í jafnri réttindaávinnslu reiknast samkvæmt meðaltali réttindaávinnslu áráanna 25 til og með 64 ára aldurs samkvæmt réttindatöflunni eins og hún er á hverjum tíma.
- Iðgjald sjóðfélagans til ávinnslu réttinda í jafnri ávinnslu, svokallað viðmiðunariðgjald, getur hæst orðið jafnhátt því verðbætta iðgjaldi sem sjóðfélaginn innti af hendi til sjóðsins á árinu **2003** eða síðasta árið sem hann innti af hendi iðgjald til sjóðsins hafi það verið fyrr.




Viðmiðunariðgjald 2003

- Sjóðfélagar verða upplýstir um útreikning á viðmiðunariðgjaldi til jafnrar réttindaávinnslu.
- Telji sjóðfélaginn viðmiðunariðgjaldið ekki gefa sanngjarna mynd af venjubundnum iðgjaldsgreiðslum hans getur hann óskað eftir að annað ár verði notað til grundvallar útreikningi á viðmiðunariðgjaldi. Heimilt er þá að miða viðmiðunariðgjaldið við það næsta ár á undan sem talið er gefa sanngjarna mynd af reglubundnum iðgjaldsgreiðslum til sjóðsins.
- Ósk um endurskoðun viðmiðunariðgjalds skal berast sjóðnum í síðasta lagi 9 mánuðum eftir að sjóðfélaginn fékk tilkynningu um útreikning viðmiðunariðgjaldsins.
- Iðgjöld þeirra sjóðfélaga sem eru umfram viðmiðunariðgjald mynda réttindi samkvæmt aldursháðri réttindatöflu sjóðanna.



Meðferð iðgjalda

- Iðgjöld sem berast sjóðnum vegna sjóðfélaga sem eru 25 ára eða eldri eftir gildistöku breytinganna og hafa skilgreint viðmiðunariðgjald færast í jafna réttindaávinnslu.
- Ekki verður reiknað viðmiðunariðgjald vegna þeirra sem yngri eru en 25 ára, þar sem ljóst er að þeir eru betur settir með aldurstengdri réttindaávinnslu.



Upplýsingaskylda sjóðsins og samskipti við einstaka sjóðfélaga

- Sjóðfélagi á aldrinum 16 til og með 24 ára verður tilkynnt að iðgjaldi hans hafi verið ráðstafað til aldurstengdrar ávinnslu réttinda. Í bréfinu verður útskýrður augljós ávinningur þess fyrir viðkomandi.
- Sjóðfélagi sem er 25 til 70 ára verður tilkynnt um eftirfarandi:
 - hvort hann hafi heimild til jafnrar réttindaávinnslu
 - útreikning á viðmiðunariðgjaldi
 - upplýsingar um iðgjaldsgreiðslutímabil til jafnrar réttindaávinnslu til 70 ára aldurs (ótímabundinn réttur) eða skilgreindur mánaðafjöldi allt að 60 mánuðir (tímabundinn réttur).



Upplýsingaskylda sjóðsins og samskipti við sjóðfélaga

- að iðgjöldum hans allt að viðmiðunariðgjaldi verði ráðstafað til jafnrar réttindaávinnslu
- að sjóðfélaginn hafi rétt til að ákveða að iðgjaldið fari til aldurstengdrar ávinnslu réttinda
- að sjóðfélaginn verði að tilkynna sjóðnum skriflega í síðasta lagi 9 mánuðum eftir að honum berst bréf sjóðsins hvort hann velji aldurstengda réttindaávinnslu eða geri athugasemdir við útreiknað viðmiðunariðgjald og iðgjaldsgreiðslutímabil til jafnrar réttindaávinnslu

Takk fyrir!

